

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 3/1992.

**BHMR f.h.**

**Félags íslenskra náttúrufræðinga,  
Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga,  
Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga,  
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,  
Meinataeknafélags Íslands,  
Útgarðs, félags háskólamanna,  
Hjúkrunarfélags Íslands og  
Röntgenteknafélags Íslands**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingi-  
björg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 12. maí sl., er höfðað fyrir Félags-  
dómi með stefnu birtri 29. febrúar sl. og þingfestri 24. mars  
sl.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins,  
en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lág múla 7,  
Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs, Arnarholli, Reykja-  
vík.

*Dómkröfur stefnanda eru:*

Að eftirfarandi breytingar á starfsmönnum eða stöðum, sem  
gerðar hafa verið á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var sem auglýs-  
ing nr. 27/1992 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992,  
verði felldar úr gildi.

**Ráðuneyti/stofnun.**

**Starfsmenn/staða.**

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

(slysadeild).

„óbreytt starfsemi til

(Ríkisspítalar).  
*Umhverfissráðuneyti.*  
 (Veðurstofa Íslands).

móttöku bráðveikra  
 sjúklinga“.  
 Kristnesspítali.

Veðurspádeild starfi  
 með venjubundnum  
 hætti.

Þá er þess krafist, að eftirtalin starfsemi, sem tilgreind er í skránni, falli út:

St. Jósefsspítali Hafnarfirði.

„fæðingagangur  
 að hálfu“.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til þess að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu.

*Dómkröfur stefnda.*

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda um, að tiltekna „breytingar á starfsmönnum eða stöðum, sem gerðar hafa verið á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992, verði felldar úr gildi“, aðrar en starfsmenn eða stöður, sem falla undir fæðingagang að hálfu á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Þá er gerð krafa um að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Félagsdómi að mati dómsins.

Leitað var um sáttir án árangurs.

*Aðild málsins og form.*

BHMR er samband stéttarfélaganna háskólamenntaðra opinberra starfsmanna.

Í stefnu segir, að félög þau innan BHMR svo og Hjúkrunarfélag Íslands, Meinatæknafélag Íslands og Röntgentæknafélag Íslands, sem hafa falið BHMR málsóknarumboð til þess að reka fyrir sína hönd mál þetta, séu með innan sinna vébanda félagsmenn, sem kröfugerð máls þessa tekur til. Stefndi hafi fallist á, að aðild sé hagað með þessum hætti.

Kröfugerð stefnanda miðast við, að tiltekna breytingar á skrá

þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991 og dagsett er þann 28. janúar 1991, verði felldar úr gildi. Kröfugerðina ber að sögn stefnanda að skilja svo, að verði á hana fallist, gildi fyrirmæli síðastgreindrar skrár, þ.e. skrár, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991, að því er varðar störf á stofnunum þeim, sem um ræðir. Jafnframt miðar kröfugerðin að því, að felld verði út af téðri skrá starfsemi, sem lögð hefur verið niður.

Stefnandi segir málið eiga undir Félagsdóm skv. 5. tl. 1. mgr. 26. gr. 1. nr. 94/1986, sbr. 2. mgr. 19. gr. sömu laga.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er lögð áhersla á það, að með 14. gr. 1. nr. 94/1986 sé staðfest, að stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, sé heimilað að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Verkfallsheimildin sé því hin almenna regla, og verði að skýra allar takmarkanir á þeirri heimild þrengjandi lögskýringu. Þessum lagaskilningi sé slegið föstum í dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990.

Í 19. gr. 1. nr. 94/1986 er í 6 töluliðum talið upp, til hverra heimildin til að fara í verkfall nær ekki. Þar eru m.a. í 3. tl. tilgreindir þeir, sem „starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“.

Stefnda beri að birta skrá um störf, sem falli m.a. undir ákvæði 3. tl. fyrir 1. febrúar ár hvert, eftir samráð við viðkomandi stéttarfélag. Öðlist skráin gildi frá 15. febrúar næst eftir birtingu. Í 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986 sé heimilað að bera fram andmæli við breytingum á skrám og ágreining um það skuli leggja fyrir Félagsdóm.

Þau atriði, sem stefnandi andmælir, og rökstuðningur fyrir því, að fella eigi þau af skránni, eru eftirfarandi:

*1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

Á skrá þeirri, sem birt var þann 28. janúar 1991, sem auglýsing nr. 33/1991, var við Fjórðungassjúkrahúsið á Akureyri eftirfarandi tekið fram um störf á slysadeild:

„a) Bakvakt

b) Á vakt:

Hjúkrunarfræðingur (1)

Læknaritari (1)

Læknir (1)

Læknir á bakvakt (1)“

Þar sem hvorki stéttarfélag lækna né lækningar eru aðilar málsins, verður ekki vikið að þeim starfsstéttum frekar.

Í auglýsingu nr. 27/1992 er eftirfarandi tekið fram um slysadeild: „Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga“.

Stefnandi krefst þess, að breyting þessi verði felld úr gildi.

Rök stefnanda fyrir þessari kröfu eru eftirfarandi:

Í 19. gr. l. nr. 94/1986 sé skýrlega tekið fram, að heimild til að gera verkföll nái ekki til „eftirtalinna starfsmanna“. Stefnda sé gert að birta skrá um þau störf, sem falli undir m.a. 3. tl. Það sé til þess ætlast, að tilgreining á þeim, sem ekki hafi heimild til að taka þátt í verkfalli, sé þannig, að starfsmenn eða störf séu tilgreind. Sá háttur stefnda að tilgreina, að „starfsemi skuli óbreytt“, sé í andstöðu við lögin, enda veiti það stefnda eða stjórnendum stofnana á sviði öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu óeðlilega mikið svigrúm til að færa starfsmenn til þannig, að þeir verði sviptir rétti til þátttöku í verkfalli. Þetta sé í trássi við fyrirmæli laganna og réttan skilning á undantekningarákvæði 19. gr.

Ágreiningur aðila að þessu leyti sé um orðalag auglýsingar, en ekki fjölda þeirra, sem megi hafa að störfum í verkfalli. Samkvæmt munnlegum upplýsingum séu mönnum 8,1 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á slysadeild. Skipun þeirra á vaktir sé þannig:

Morgunvakt (3) hjúkrunarfræðingar.

Kvöldvakt (1) hjúkrunarfræðingur og 1 á bakvakt.

Næturvakt (1) hjúkrunarfræðingur og 1 á bakvakt.

Stefnandi gerir ekki athugasemd við, að hjúkrunarfræðingar, sem þessum tilteknu störfum sinna, geri það í verkfalli. Er því skorað á stefnda að fallast á, að hin tilgreindu orð: „óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga“, falli út, og í staðinn komi sú upptalning sem að ofan er tilgreind, að því er varðar hjúkrunarfræðinga.

2. Þá er þess krafist varðandi ríkisspítala, að út falli orðið „Kristnesspítali“.

Kristnesspítali hafi einnig verið tilgreindur með sama hætti á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991. Sé þannig ekki um að ræða breytingu á auglýstri skrá að forminu til.

Stefnandi telur samt, að honum sé heimilt að hafa uppi slík andmæli. Rökin eru þau, að eðlisbreyting hafi orðið á starfsemi þessarar tilteknu sjúkrastofnunar á síðustu árum. Kristnesspítali hafi um áratugaskeið verið rekinn sem berklauspítali með sólar-

hringsvistun berklasjúklinga. Eftir að tekist hafi að mestu að vinna bug á berklum, hafi slíkum sjúklingum fækkað mjög, og sé meginstarfsemi Kristnesspítala nú endurhæfingarþjónusta. Er skorað á stefnda að upplýsa, hvert sé vægi einstakra þátta í starfseminni á þessari sjúkrastofnun.

Skýra verði 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986 svo, að þegar slíkar breytingar verði á viðfangsefnum einstakra stofnana, að allar forsendur bresti fyrir því, að starfsmenn þar eða einstök störf verði tilgreind á skrá, sbr. 3. tl. 19. gr., þá verði að viðurkenna rétt stéttarféлага til að krefjast þess, að þær verði felldar út af skránni. Ella myndi hægt að halda stofnunum, deildum og störfum inni á listanum, þó að búið væri að leggja þau niður, svo sem dæmi séu um.

3. *Umhverfissráðuneyti.*

(Veðurstofa Íslands).

Á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 33/1991, var eftirfarandi tilgreining á störfum á Veðurstofu Íslands.

„Eftirlitsmenn veðurspádeildar  
Háloftamenn Keflavíkurflugvelli  
Veðurathugunarmenn á Hveravöllum  
Yfirdeildarstjóri veðurspádeildar“.

Á skrá þeirri, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, var m.a. breyting á því, er varðar veðurspádeild. Þar segir nú:

„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti“.

Stefnandi getur engan veginn fallist á þessa breytingu og telur, að ekki séu fyrir henni nein sérstök rök. Engar þær breytingar hafi orðið frá 1986, sem geri slíka breytingu nauðsynlega. Í verkföllum þeim, sem m.a. starfsmenn veðurspádeildar Veðurstofu Íslands tóku þátt í, hafi aldrei komið fram beiðni samkvæmt 21. gr. 1. nr. 94/1986. Hið tilvitnaða lagaákvæði heimili tveggja manna nefnd að ákveða, hvort einhverjir, sem eru í verkfalli, skuli kvaddir til starfa, eftir að verkfall er hafið, til að afstýra neyðarástandi. Þetta sýni, að engin þörf sé á þeirri breytingu, sem hér er gerð krafa um, að verði felld úr gildi.

Komi til verkfalls og skapist sú neyð, að kveðja þurfi fleiri en eftirlitsmenn og yfirdeildarstjóra til starfa á veðurspádeild Veðurstofu Íslands, sé stefnda í lófa lagið að byggja rétt á 20. og 21. gr. 1. nr. 94/1986 til að afstýra neyðarástandi.

4. *St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.*

Þess er krafist, að orðin „fæðingagangur að hálfu“ verði felld út. Hér sé reyndar ekki um að ræða formlega breytingu frá síðastgildandi skrá, sbr. auglýsingu nr. 33/1991. Krafan sé samt sem áður gerð, enda sé hætt að starfrækja fæðingagang við þessa sjúkrafstofnun. Um röksemdir er vísað til þess, sem greinir í tl. 2.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Stefndi hafi enga tilhneigingu til þess að gera skrá um störf þau, sem talin eru falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986, viðtækari en svo, að á henni séu einvörðungu þau störf, sem teljast til „nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“. En óhjákvæmilegt sé, að skráin breytist að einhverju leyti frá ári til árs vegna breyttra aðstæðna og endurmats á því, hvaða störf séu talin falla undir framangreinda skilgreiningu í ljósi fenginnar reynslu.

Í samskiptum við séttarfélög hafi sú röksemd stundum verið sett fram af þeirra hálfu, að ákvæði 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 94/1986 veitti næga möguleika á að tryggja það öryggi, sem lögin ætlast til, að haldið sé uppi í verkföllum, og mættu því starfsheiti á auglýstum skráum vera færri. Þessu sjónarmiði er mótmælt af hálfu stefnda. Væri þetta rétt, megi segja, að í raun væri verið að taka upp eldra fyrirkomulag um kjaradeilunefnd, en tilgangur laga nr. 94/1986 hafi m.a. verið sá að leggja hana niður vegna slæmrar reynslu af þeim starfsháttum.

Af greinargerð með frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sjáist einnig, að 20. gr. sé hugsuð sem varnagli, sem grípa megi til, ef afstýra þurfi algeru neyðarástandi, en undir það falli tilvik eins og „viðgerðir og viðhald á fjarskiptatækjum, veitukerfum, búnaði lögreglu og sjúkrastofnana, svo og birgðadreifing til þeirra aðila, sem eigi að halda uppi störfum samkvæmt 3. tl. 19. gr.“. Augljóst sé, að tilgangur þessarar greinar sé ekki að draga úr nauðsyn þess, að tilgreind séu á skrá störf, sem fyrir fram sé hægt að ákveða, að falli undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“.

Almennt er mótmælt kröfum stefnanda um, að starfsmenn eða stöður falli út af skrá nr. 27/1992. Hér á eftir eru rakin mótmæli stefnda við einstökum kröfum stefnanda.

*Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.*

(slysadeild).

Með bréfi, dags. 7. janúar 1992, óskaði FSA eftir lagfæringum á skrá yfir þau störf, sem falla undir 3. tl. 19. gr. l. nr. 94/1986. Meðal þess, sem óskað var breytinga á, var, að á slysadeild yrði óbreytt starfsemi, ef til verkfalls kæmi og sú takmörkun, sem fram, kemur í auglýsingu nr. 33/1991, félli brott.

Með bréfum, dags. 16. janúar 1992, óskaði starfsmannastofa fjármálaráðuneytis eftir umsögn beggja hjúkrunarfræðingafélaganna um breytingarnar. Með sameiginlegu bréfi, dags. 23. janúar 1992, leggja félögin til, að auglýsingunni verði breytt svo: „Slysadeild - óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga.“ Auglýsingunni hafi verið breytt í samræmi við tillögur félaganna. Stefndi telur ekki efni til að gera breytingar á þessari skilgreiningu.

#### *Ríkisspítalar.*

Kristnesspítali hafi ekki verið starfræktur sem berklaspítali sl. 2-3 áratugi. Um árabíl hafi hann verið rekinn sem langleguspítali fyrir aldraða og sjúklinga, sem úthýst hafi verið af sjúkrahúsum, t.d. geðsjúklinga. Ekki sé rétt, að meginstarfsemin nú sé endurhæfingarþjónusta. Meginstarfsemi sé sem fyrr öldrunardeild. Fyrir u.þ.b. 3 árum hafi verið ráðinn fyrsti sjúkraþjálfarinn að spítalanum og hafist handa um að koma upp endurhæfingardeild. 1. ágúst 1991 hafi endurhæfingardeild verið tekin formlega í notkun. Að jafnaði séu nú 17-18 rúm af 53 á sjúkrahúsinu notuð fyrir endurhæfingarsjúklinga, aðallega eftir heilablæðingar eða bæklunaraðgerðir.

Samkvæmt auglýsingunni starfi hvorki iðjuþjálfarar né sjúkraþjálfarar á meðferðardeildum ríkisspítalanna, þ.m.t. Kristnesspítala, ef til verkfalls komi. Megi því segja, að endurhæfing sé á þann hátt sjálfhætt. Væntanlega yrðu því sjúklingar í endurhæfingu sendir heim, ef til verkfalls kæmi, og þurfi ekki breytingu á skrá til þess.

Í bréfi HFÍ/FHH frá 23. janúar 1992 komi fram, að félögin hafi viljað fá fram þá breytingu, að einungis langlegudeildir yrðu opnar á Kristnesspítala í verkfalli. Á Kristnesspítala séu einungis 2 legudeildir og heiti þær „endurhæfingardeild“ með 14 starfsmenn og „öldrunardeild“ með 36 starfsmenn. Að mati stefnda var auglýsingin í samræmi við þessa ósk og ekki talin þörf á að breyta orðalagi. Stefndi telur því engin rök fyrir kröfu stefnanda, að því er þennan lið varðar.

#### *Veðurstofa Íslands.*

Það hafi þótt koma í ljós í þeim verkföllum opinberra starfsmanna, sem gerð hafa verið, frá því er lög nr. 94/1986 voru sett, að sú þjónusta, sem Veðurstofan hafi veitt, hafi verið með öllu ófullnægjandi og óviðunandi. Í ljósi fenginnar reynslu hafi þótt óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir, að veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti í verkfalli, og sé þessi breyting því gerð á skránni nú. Um rökstuðning er vísað til fram lagðra skjala á dskj. 10-17.

*St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Fæðingagangur að hálfu.*

Þessi lína sé komin inn í auglýsinguna fyrir mistök. Fæðingagangur hafi aldrei verið á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

*Niðurstaða.*

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum, sem tiltekna eru í lögum. Af því leiðir, að ákvæði undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögnum, heimilt að gera verkfall, og samkvæmt 10. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögnum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim, sem starfa við nauðsynlega öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birta skrá um störf þau, sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Þar sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta samkvæmt framansögðu þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna að vera ótvíráð, svo að ekki leiki vafi á, við hvern er átt.

Í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 ber að tilgreina þau störf eða starfsmenn, sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt er að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess, að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

*Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*



*Slysaveild.*

„Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga.“

Ofangreind tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 er ekki í samræmi við 19. gr. laga nr. 94/1986, og ber því að fella hana út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

*Ríkisspítalar.*

*Kristnesspítali.*

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess, hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

*Umhverfisiráðuneyti.*

*Veðurstofa Íslands.*

„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.“

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess, hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall né hvaða störfum þeir gegna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að slík útvíkkun á starfsemi Veðurstofu Íslands, sem fram kemur í auglýsingu nr. 27/1992, sé nauðsynleg vegna öryggis.

*St. Jósefsspítali Hafnafirði.*

„fæðingagangur að hálfu“.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að fella tilgreiningu þessa út af skránni í auglýsingu nr. 27/1992.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem beri vexti eins og segir í dómsorði. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 125.000, og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

#### D ó m s o r ð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skal fella niður eftirfarandi:

**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.**

„Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga“.

**Ríkisspítalar.**

Kristnesspítali

Veðurstofa Íslands.

„Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti.“

St. Jósefsspítali Hafnarfirði.

„fæðingagangur að hálfu“.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað, kr. 125.000, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 4/1992.

**BHMR f.h.**

**Félags íslenskra náttúrufræðinga,**

**Stéttarfélags lögfræðinga í ríkis-**

**þjónustu og**

**Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingi-  
björg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 13. maí sl., er höfðað fyrir Félags-  
dómi með stefnu birtri 29. febrúar 1992 og þingfestri 24. mars. sl.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins,  
en Bandalaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lág múla 7,  
Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykja-  
vík.